

Reglur Rannsóknamiðstöðvar Íslands um vanhæfi

Eftirtaldar reglur gilda um vanhæfi við mat umsókna og úthlutun styrkja úr sjóðum í umsýslu Rannsóknamiðstöðvar Íslands. Sé maður vanhæfur ber honum að segja sig frá allri umfjöllun um þá umsókn sem vanhæfi nær til. Sitji maður í stjórn, ráði eða nefnd sem fjallar um umsóknina ber manni að víkja af fundi meðan umsókn er rædd. Að auki ber að taka tillit til 3. gr. stjórnsýslulaga (lög nr. 37 frá 1993).

1. Þegar maður er sjálfur umsækjandi eða þátttakandi í umsókn er hann vanhæfur. Sama gildir ef náíð skyldmenni hans og venslamenn eða nánir vinir eru umsækjendur.
2. Ef maður er forsvarsmaður stofnunar eða fyrirtækis, er hann vanhæfur til umfjöllunar um umsóknir frá þeirri stofnun eða fyrirtæki. Sama gildir um umsóknir samkeppnisaðila í sömu grein.
3. Ef maður er starfsmaður stofnunar eða fyrirtækis og umsókn frá öðrum starfsmönnum sömu stofnunar eða fyrirtækis er til umfjöllunar, verður að meta hversu nán tengsl eru við starfsmenn sem annast verkefnið eða hversu nán húsbændatengsl eru við yfirmenn viðkomandi stofnunar. Þessi tengsl þurfa ekki almennt að leiða til vanhæfis.
4. Ef maður er í faglegri samkeppni innan sama eða nátengds sviðs eða í persónulegri andstöðu við umsækjanda, ber honum að lýsa sig vanhæfan. Samkeppnisstaða leiðir fremur til vanhæfis en „jákvæð“ tengsl. Þannig veldur eingöngu nán vinátta vanhæfi en ekki kunningskapur.
5. Forðast ætti að leita umsagna hjá aðilum sem eru í opinni andstöðu við umsækjendur eða í beinni samkeppni um rannsóknafé á sama sviði. Ef þörf krefur og fáir sérfróðir á sviðinu sem geta verið hlutlausir, mætti hugsa sér að leita fleiri umsagna gagnstæðra sjónarmiða og meta umsóknina með hliðsjón af sjónarmiðum sem fram koma.